

## Útkomið í A-deild Stjórnartíðindanna 1937.

*Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að láta öðlast gildi ákvæðin í milli-rikjasamningi 3. marz 1937, um slysabætur, undirskrifuð af konungi 21. desember 1937 (nr. 76).*

*Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að láta öðlast gildi ákvæðin í milli-rikjasamningi 23. marz 1937, um möskva fisknetja og lágmarks lengd á fiski, undirskrifuð af konungi sama dag (nr. 77).*

## BRÁÐABIRGÐAREGLUGERÐ

### um greiðslu útsvara af kaupí útsvarsgreiðanda.

98

16. febr.

#### 1. gr.

Þegar lögtak fyrir útsvari til bæjarfélags eða sveitarfélags samkvæmt lögum um útsvör hefir verið reynt árangurslaust, að nokkru eða öllu leyti, er heimilt að láta greiða hið vangoldna útsvar ásamt dráttarvöxtum af launum útsvarsgreiðanda, sem hann tekur af almanna fé, eða af kaupí því, er hann á rétt á hjá öðrum, samkvæmt þeim reglum, sem settar eru í reglugerð þessari.

#### 2. gr.

Fógeti boðar útsvarsgreiðanda, og ef þess gerist þörf kaupgreiðanda hans, fyrir sig. Skal þeim skylt að mæta fyrir fógetarétti og gefa þar skýrslu um atvinnu útsvarsgreiðanda, launakjör hans, upphæð kaups, greiðslumáta þess og gjalddaga, og um önnur þau atriði, er nauðsynlegt er að upplýst séu, er kveða skal á um greiðslu útsvars af kaupí útsvarsgreiðanda. Nú mæti kaupgreiðandi eigi fyrir fógetarétti löglega tilkvaddur, eða gefur eigi þá skýrslu, sem hann er krafinn um, og skal hann þá sæta þingviti eftir þeim reglum, er gilda um vitni. Mæti útsvarsgreiðandi eigi eða gefi hann eigi fullnægjand skýrslu, skal farið eftir því, sem fyrir er mælt í 37. gr. aðfararlaganna.

#### 3. gr.

Að fengnum upplýsingum þeim, sem ræðir um í 2. gr., kveður fógeti á um það með úrskurði, hvort hið vangoldna útsvar skuli greitt af kaupí eða launum útsvarsgreiðanda. Skal upphæð sú, sem greiða á, tiltekin í úrskurðinum svo og hvenær hún skuli greidd og hverjum, og má, ef þörf gerist, skipta henni niður í fleiri kaupgreiðslutímabil og skal þá tiltekin sú upphæð, er tekin skuli af kaupí eða launum útsvarsgreiðanda fyrir hvert greiðslutímabil.

Úrskurð þenna skal fógeti tilkynna kaupgreiðanda og útsvarsgreiðanda bréflaga, séu þeir eigi staddir í réttinum þegar úrskurðurinn er kveðinn upp.

#### 4. gr.

Úrskurði samkvæmt 3. gr. geta útsvarsgreiðandi og kaupgreiðandi, annar eða báðir, áfrýjað til hæstaréttar. Úrskurði má gerðarbeiðandi og áfrýja til staðfestingar, eða breytingar.

Um áfrýjunina fer eftir venjulegum reglum um áfrýjun fógetaréttarúrskurða.

98

16. febr.

5. gr.

Þegar úrskurða skal samkvæmt 3. gr., skal taka hæfilegt tillit til heimilshags útsvarsgreiðanda og ómegðar hans, og þess gætt, að eigi sé gengið svo nærri honum um skattheimtuna að hætta sé á að hann eigi geti séð sér og sínum farborða. Hvorki útsvarsgreiðandi né kaupgreiðandi mega slíta vinnusamningi sínum fyrir það eitt, að úrskurðað hefir verið, að útsvar skuli greitt af væntanlegu kaupí útsvarsgreiðanda.

6. gr.

Nú hefir úrskurður gengið samkvæmt því, sem sagt er hér að framan, og er kaupgreiðanda þá skylt að halda eftir á hverjum kaupgreiðsludegi þeirri upphæð af kaupí eða launum útsvarsgreiðanda fyrir það kaupgreiðslutímabil, sem úrskurðað var að þá skyldi haldið eftir. Upphæð þessa skal kaupgreiðandi, innan tveggja virkra daga frá kaupgreiðsludegi, greiða beint til fógeta eða innheimtumanns útsvara, og er sú greiðsla bindandi fyrir útsvarsgreiðanda.

Nú hefir úrskurði verið áfrýjað samkvæmt 4. gr., og frestar þá sú áfrýjun eigi skyldu kaupgreiðanda til að halda eftir kaupí eða launum samkvæmt ákvæðum úrskurðarins, eða að greiða það fé til fógeta eða innheimtumanns útsvara.

7. gr.

Krafa um útsvar eftir úrskurði samkv. 3. grein gengur fyrir öðrum kröfum um hluta af ógreiddu kaupí gerðarþola, sem njóta myndu minni lagaverndar við skipti á búi hans.

8. gr.

Nú hefir kaupgreiðandi greitt út kaup eða laun útsvarsgreiðanda án þess að halda eftir upphæð, er úrskurður kvað á að eftir skyldi haldið, eða hann greiðir eigi fógeta eða innheimtumanni, svo sem segir í 6. gr., fé er hann hélt eftir samkvæmt úrskurði, og má þá gera lögtak í eignum kaupgreiðanda fyrir því fé.

9. gr.

Því aðeins skal reglum þeim, sem hér eru settar beitt, að útsvarsgreiðandi sé fastur starfsmaður kaupgreiðanda þegar úrskurður samkv. 3. gr. er kveðinn upp, hvernig sem ráðningu eða kaupgreiðslu er hagað.

10. gr.

Fyrir fógetagetarð þá, er fram fer samkvæmt 2. og 3. gr., skal greiða réttargjöld og vottagjöld, sem fyrir aðfarargerðir. Gjöld þessi og annan kostnað við gerðina greiði útsvarsgreiðandi og má kveða á í úrskurðinum að þau skuli greidd af kaupí hans eða launum ásamt útsvarinu og dráttarvöxtum.

11. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi þegar í stað.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 106 23. júní 1936, 29. gr., 3. mgr. og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 16. febrúar 1937.*

**Haraldur Guðmundsson.**

*Vígfús Einarsson.*